

Ársáætlun 2010



UMHVERFISSTOFNUN

Drög til umhverfisráðuneytis 10. desember 2009



UMHVERFISSTOFNUN



UMHVERFISRÁÐUNEYTIÐ


Í samræmi við drög að árangursstjórnunarsamningi milli umhverfisráðuneytis og Umhverfisstofnunar er eftirfarandi ársáætlun fyrir árið 2010 samþykkt af neðangreindum.

FYRIR HÖND UMHVERFISSTOFNUNAR

FYRIR HÖND UMHVERFISRÁÐUNEYTIS

EFNISYFIRLIT

INNGANGUR	4
STOFNUNIN Í HEILD	5
Teymi.....	6
Skipurit	6
Gildi Umhverfisstofnunar	7
Mannauður	7
VERKEFNI ÁRSINS	8
Meginverkefni ársins 2010.....	8
Markmið Umhverfisstofnunar 2008-2012	8
Áherslumál ársins 2010.....	9
Varðveisla umhverfisgæða	9
Gæði eru forgangsmál	9
Loftslagsmál	9
Vistvæn innkaup og Svanurinn	9
Vernd er tegund nýtingar	9
Öryggi neytenda og barna.....	9
Sjálfbær veiðistjórnun	10
Loftgæði	10
Lýðheilsa og náttúruvernd.....	10
Upplýsingar sem mæta þörfum fólks.....	10
Úrgangur og framleiðendaábyrgð.....	10
Vistvæn innkaup og nýsköpun	10
Náttúruvernd í ESB ljósi	10
Vatnatilskipun	11
Akstur utan vega	11
Fjölbreytni náttúrunnar.....	11
Málefni hafsins og vákort.....	11
REGLUBUNDIN VERKEFNI	12
REKSTRARÁÆTLUN	14
Helstu rekstrarliðir	14
Gjaldaliðir.....	14
Tekjur Umhverfisstofnunar.....	15
Sértekjur.....	15
Markaðar tekjur.....	15
Aðrar rekstrartekjur	15
Sjóðir í umsýslu stofnunarinnar og stærri verkefni	15
Hreindýrasjóður.....	15
Veiðikortasjóður	15
Minkaveiðiátak.....	15
Endurgreiðsla til sveitarfélaga vegna minkaveiða	15
Skotvopna- og veiðikortanámskeið	15
VIÐAUKI I VERKEFNAÁÆTLUN ÁRSINS 2010	16
VIÐAUKI II REKSTRARKOSTNAÐUR 2009	21



INNGANGUR

Ársáætlun Umhverfisstofnunar ársins 2010 skiptist í verkefnaáætlun og rekstraráætlun og byggir hún á stefnu umhverfisráðuneytisins *Velferð til framtíðar* og stefnu stofnunarinnar frá árinu 2008 sem er ætlað að varða verksvið hennar til ársins 2012. Ársáætlun tekur jafnframt mið af sérstökum áherslumálum umhverfisráðherra á borð við vinnu gegn akstri utan vega, vistvænum innkaupum hjá hinu opinbera, leiðum til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda og náttúruvernd.

Verkefnaáætlunin skiptist í tvennt, annars vegar áætlun um fjölda verkefna sem teljast til reglubundinna verkefna stofnunarinnar og hins vegar verkáætlun þar sem tiltekin eru um eitt hundrað verkefni sem stofnunin mun vinna að á árinu. Um er að ræða átaksverkefni en einnig föst verkefni sem við viljum gera sýnilegri. Markmið verkefnaáætlunar er að setja fram á skýran hátt þau megin verkefni sem stofnunin mun vinna að á næsta ári og tengja saman með skýrum hætti verkefni stofnunarinnar og þá fjármuni sem ætlaðir eru til reksturs hennar.

Rekstraráætlun stofnunarinnar ber með sér mikið aðhald í rekstri stofnunarinnar en jafnframt að aðhaldsaðgerðir byggji á grænum sjónarmiðum. Þannig mun stofnunin innleiða vistvæn innkaup í sínum rekstri á árinu og jafnframt bjóða upp á fræðslu um innleiðingu vistvænna innkaupa til annarra ríkisstofnana.

Verkbókhald verður tekið í notkun fyrir alla stofnunina 1. janúar 2010 en með því sést mun betur hve mikill tími fer í hvert einstakt verkefni innan stofnunarinnar. Einnig er bókhaldinu ætlað að tryggja samræmi milli stefnumótunar stofnunarinnar og tíma starfsmanna sem varið er í verkefni. Innleiðing verkboðhalds er hluti af gæðastarfi stofnunarinnar og nauðsynleg forsenda samburðar milli ára. Mikilvægt er að halda nákvæma skráningu á útseldri vinnu sem nýtist við kostnaðarmat nýrra verkefna. Til að byrja með verður ítarlegri skráning fyrir verkefni sem gjald er tekið fyrir en grófari flokkun fyrir almenn verkefni stofnunarinnar. Stjórnendur munu nýta þessar upplýsingar við forgangsröðun verkefna og þegar taka á ákvarðanir um dreifingu verkefna milli starfsmanna eða breytingar á störfum. Starfsmenn geta fengið yfirlit um hvernig tími þeirra dreifist á verkefni sem nýtist þeim við forgangsröðun verkefna. Jafnframt er verkboðhaldi ætlað að auðvelda samráð milli stofnunar og umhverfisráðuneytis um forgangsröðun verkefna og þann tíma sem varið er í hvert verkefni.

Vegna umsóknar Íslands að Evrópusambandinu mun Umhverfisstofnun leggja sérstaka vinnu í greiningu á áhrifum aðildar á umhverfismál á Íslandi. Evrópusambandið hefur síðasta áratuginn lagt aukna áherslu á innleiðingu umhverfissjónarmiða í aðrar stefnur sambandsins t.a.m. landbúnaðarstefnu og byggðarstefnu. Huga verður sérstaklega að því að hagrænir hvatar vinni í þágu umhverfisverndar en ekki gegn henni.

Kristín Linda Amadóttir

FORSTJÓRI UMHVERFISSTOFNUNAR




STOFNUNIN Í HEILD

Stofnunin starfar samkvæmt lögum nr. 90 / 2002 um Umhverfisstofnun, en hlutverk hennar er einnig markað af fjölda annarra laga. Hlutverk Umhverfisstofnunar er að stuðla að velferð almennings með því að beita sér fyrir heilnæmu umhverfi, öruggum neysluvörum og verndun og sjálfbærri nýtingu náttúruauðlinda.

VERKEFNI UMHVERFISSTOFNUNAR

- Eftirlit og leyfisveitingar
- Umsjón og rekstur friðlýstra svæða og þjóðgarðs
- Samræmingarhlutverk vegna heilbrigðis- og mengunarmála
- Söfnun og miðlun upplýsinga um ástand umhverfisins og umhverfismál
- Umsjón með umhverfisluta EES- samningsins
- Gerð reglugerða
- Leiðbeiningar til annarra opinberra aðila s.s. sveitarfélaga og fyrirtækja
- Umsagnir m.a. vegna mats á umhverfisáhrifum og skipulags
- Friðlýsing nýrra svæða í samræmi við Náttúruverndaráætlun
- Umsagnir um kærumál
- Önnur störf samkvæmt sérstökum samningum eða samkvæmt ákvörðun umhverfisráðuneytis



Skipurit

Starfsemi Umhverfisstofnunar grundvallast á skipuriti sem tók gildi í byrjun árs 2008. Umhverfisstofnun skiptist í fimm svið auk yfirstjórnar. Hvert svið fyrir sig er sjálfstætt og heyrir beint undir forstjóra en sviðstjórar starfa náið saman að því að sinna verkefnum stofnunarinnar.

Teymi

Sett voru á fót níu þverfagleg teymi hjá Umhverfisstofnun á árinu. Markmið teymanna eru margvísleg en að grunni til tvenns konar. Annars vegar að nýta mannauð stofnunarinnar á þverfaglegan hátt með því að skapa umræðuvettvang um verkefni stofnunarinnar. Hins vegar að miðla upplýsingum og reynslu milli ólíkra starfssviða innan stofnunarinnar. Samræmi í úrlausnum er meðal þess sem vænst er af teymisvinnu. Sem dæmi má nefna að við gerð eftirlitsáætlana með ræktun erfðabreyttra lífvera nýttist reynslan af eftirliti með stóriöju. Teymin rjúfa ekki aðeins faglega eingangrun heldur auka félagsleg samskipti milli starfsmanna sem skiptir miklu hvað varðar starfsanda. Starf teymanna þeirra fyrsta starfsár gefur góð fyrirheit um framhaldið.

TEYMI UMHVERFISSTOFNUNAR OG LEIÐTOGAR ÞEIRRA

Efnateymi	Sigríður Kristjánsdóttir
Haf- og vatnsteymi	Kristján Geirsson
Hollustuháttateymi	Brynja Jóhannsdóttir
Loftmengunarteymi	Birna S. Hallsdóttir
Náttúruverndarteymi	Ólafur A. Jónsson
Starfsleyfis- og eftirlitsteymi	Gottskálf Friðgeirsson
Svansteymi	Anne Maria Sparf
Umhverfismatsteymi	Kristín S. Jónsdóttir
Úrgangsteymi	Sigrún Guðmundsdóttir



Gildi Umhverfisstofnunar

Stofnunin og starfsmenn hennar hafa þrjú megingildi að leiðarljósi í öllu sínu starfi.

FAGMENNSKA Að tekið sé á málefnum sem berast stofnuninni af yfirgripsmikilli þekkingu og með faglegum hætti

TRAUST Umhverfisstofnun njóti trausts meðal fyrirtækja, almennings og stjórnmalamanna

ÁBYRGÐ Stofnunin sé ábyrgur aðili í verndun náttúrunnar og stuðlar að heilsusamlegu umhverfi landsmanna



Mannauður

Hjá Umhverfisstofnun starfa margir sérfræðingar með víðtæka þekkingu og reynslu. Sérhæfing er mikil og taka bæði stjórnendur og annað starfsfólk nýjum áskorunum til að gera góða stofnun enn betri. Í byrjun árs 2009 var ný starfsmannastefna samþykkt. Starfsmannastefnan er virk stefna, þar sem unnið er eftir stefnumiðaðri starfsáætlun til árs í senn.

Starfsmannasamtölin koma til með að skipa mikilvægan sess fyrri hluta árs 2010, líkt og í fyrra. Samtölin eru markmiðatengd, þar sem þess er vænst að hver starfsmaður geti hugað að eigin markmiðum og tengt þau við markmið sviðs, stofnunar og jafnvel áherslur stjórnvalda á hverjum tíma.

Í kjölfar samþykktar starfsmannastefnu á árinu 2009 var starfsmannahandbók endurgerð og er hún nú á veftæku formi. Stjórnendahandbók verður unnin á árinu 2010. Hún verður hluti af gæðahandbók stofnunarinnar en í henni verður verkferlum lýst allt frá því að starfsmaður er ráðinn til starfa og þar til hann lætur af störfum. Jafnframt er fyrirhugað að framkvæma stjórnendammat hjá stofnuninni.

Jafnréttisáætlun verður unnin við stofnunina sbr. 18. gr. laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10/2008. Stofnunin setti sér jafnræðisáætlun á árinu 2005 sem vert er að endurskoða nú. Skýr farvegur í málum sem varða einelti og kynferðislega áreitni tengist bæði starfsmannastefnu og jafnréttisáætlun. Á vormisseri 2009 fengu stjórnendur og trúnaðarmenn fræðslu og þjálfun í að bregðast við málum af þessum toga og var einnig boðið upp á fræðslu fyrir allt starfsfólk. Í kjölfarið var ákveðið að unnið yrði að því að skýra þennan farveg þannig að öllu starfsfólki eigi að vera ljóst hvernig brugðist verður við ef vart verður við einelti eða kynferðislega áreitni innan stofnunarinnar.





VERKEFNI ÁRSINS

Meginverkefni ársins 2010

Umhverfisstofnun hefur sett sér stefnu til fimm ára þar sem sett eru tíu markmið sem stofnunin mun leggja áherslu á að ná til ársins 2012. Í viðauka 1 er að finna helstu verkefni sem stofnunin mun vinna að á árinu 2009 til að ná framangreindum markmiðum. Til að auðvelda eftirfylgni með verkefnum og dreifingu þeirra á árinu er verkefnum skipt niður á ársfjórðunga og farið yfir stöðu á verkefnaáætlun samhliða stöðu á rekstraráætlun. Eftirfarandi tíu markmið liggja til grundvallar verkefnaáætlunar stofnunarinnar.

Markmið Umhverfisstofnunar 2008-2012

1. Draga úr losun gróðurhúsalofttegunda á Íslandi
2. Draga úr losun heilsuskaðlegra efna og efna sem eru hættuleg umhverfinu
3. Gera upplýsingar um umhverfismál aðgengilegar almenningi og hagsmunaaðilum og gera þeim þannig kleift að hafa áhrif á umhverfi sitt
4. Vinna að vernd, viðhaldi, endurheimt og nýtingu þeirra auðlinda sem felast í náttúru Íslands, byggð á sjónarmiðum um líffræðilega fjölbreytni, varðveislu jarðmyndana og landslagsheilda
5. Stuðla að verndun og sjálfbærri nýtingu villtra dýrastofna
6. Kynna rétt almennings til að njóta útivistar í náttúrunni og með því bæta og tryggja lýðheilsu landsmanna
7. Vistkerfisnálgun verði beitt við heildstæða stjórnun á umhverfi í vatni og hafi
8. Draga úr myndun úrgangs og auka endurvinnslu hans
9. Stjórnarsýsla stofnunarinnar verði skýr og skilvirk
10. Umhverfismerkingar leiði innkaup almennings og fyrirtækja

ÁHERSLUMÁL ÁRSINS 2010

Varðveisla umhverfisgæða


Mikilvægt er að varðveita og tryggja komandi kynslóðum sömu umhverfisgæði og við njótum í dag. Umhverfisstofnum mun beita sér í þessu verkefni með aukinni áherslu á eftirlit með atvinnurekstri. Unnar hafa verið eftirlitsáætlanir fyrir mengunareftirlit og stefnt er að því að sambærilegar áætlanir nái yfir allt eftirlit á vegum stofnunarinnar s.s. eftirlits með jarðefnavinnslu. Einnig er hafin vinna við stefnumótun um eftirlit, þar sem áhersla er lögð á samræmi, gagnsæi, markmiðssetningu sem og jafnræðis- og mengunarbótaregluna. Stofnunin hefur framselt hluta af sínu eftirliti til heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga og mun á árinu 2010 endurskoða samninga vegna framsals eftirlits, m.a. með hliðsjón af stefnumótun stofnunarinnar um eftirlit. Verkefni til að uppfylla markmið 2, 7 og 8.

Gæði eru forgangsmál

Umhverfisstofnun mun byggja upp og innleiða gæða- og umhverfisstjórnunarkerfi á starfsárinu. Stofnunin vill vera til fyrirmyndar í umhverfismálum og hefur það að markmiði að lágmarka neikvæð umhverfisáhrif af allri starfsemi. Hafist verður handa á starfsárinu við að koma á umhverfisstjórnunarkerfi samkvæmt staðlinum ISO 14001. Einnig er stefnt að því að nýtt gæðakerfi sem uppfylli kröfur ISO 9001:2008 staðalsins líti dagsins ljós í vor. Tilgangur verkefnisins er að auka skilvirkni í allri starfsemi stofnunarinnar, styrkja þverfaglega vinnu og samstarf við aðrar stofnanir. Verkefnið gerir einnig kleift að mæla árangur starfseminnar þar sem skýr markmið eru sett fram og leiðir að þeim tilgreindar. Verkefni til að uppfylla markmið 9.

Loftslagsmál

Loftslagsmál eru mjög ofarlega á lista yfir verkefni Umhverfisstofnunar árið 2010 enda ber stofnunin ábyrgð á mörgum sviðum þessa viðfeðma málaflokks. Sem dæmi má nefna bókhald yfir losun gróðurhúsalofttegunda á Íslandi og skil á þeim upplýsingum til skrifstofu loftslagssamnings SP (UNFCCC), umsjón með skráningarkerfi losunarheimilda og eftirlit með því. Unnið er af kappi að verkefnum tengdum útvíkkun á viðskiptakerfi ESB sem mun ná til losunar frá flugi árið 2012 og stóriðju árið 2013. Jafnframt hefst á árinu skráning á losun gróðurhúsalofttegunda frá flugi í tengslum við útvíkkunina. Umhverfisstofnun hyggst fylgja kröftuglega eftir aðildarríkjafundi loftslagssamningsins í Kaupmannahöfn 2009, m.a. með því að halda ráðstefnu um tengsl loftslagsmála við náttúrulega fjölbreytni og vensl náttúruverndar jafnt sem veiðistjórnunar við loftslagsmál. Tengt þessu verður litið til sjálfbærrar nýtingar lands til bindingar koldíoxíðs úr andrúmsloftinu s.s. með endurheimt votlendis. Verkefni til að uppfylla markmið 1.



Vistvæn innkaup og Svanurinn

Umhverfisstofnun tekur virkan þátt í innleiðingu á vistvænni innkaupastefnu ríkisins. Stofnunin er aðili að vinnuhóp um vistvæn innkaup sem vinnur að verkefnum og veitir ráðgjöf við innleiðingu vistvæna innkaupa hjá ríkisstofnunum. Áhersla er lögð á að aðstoða ríkisstofnanir við að innleiða vistvæn innkaup á faglegan og hagkvæman hátt. Vinnuhópurinn mun starfa í nánnum tengslum við stýrihóp um vistvæn innkaup. Umhverfisstofnun mun á árinu halda áfram eflingu Svansmerkisins og bæta þjónustu sína við þá sem selja Svansvottaða vöru og efla vitund almennings um mikilvægi umhverfismerktar vöru. Svanurinn á 20 ára afmæli á árinu 2010 og verður því fagnað á ýmsan hátt m.a. með kynningarátökum fyrir almenna neytendur. Verkefni til að uppfylla markmið 10.

Vernd er tegund nýtingar

Gert er ráð fyrir því að á árinu 2010 komi ný náttúruverndaráætlun til framkvæmdar frá Alþingi. Friðlýsingaráætlun til næstu fjögurra ára verður gerð í upphafi árs sem og áætlun um samráð. Líta má á verndun sem eina tegund nýtingar. Hefðbundnar nýtingar með sjálfbærni að leiðarljósi fara oft á tíðum vel saman við friðlýsingu svæða. Kvaðir við friðlýsingu þurfa að hafa bein tengsl við þá þætti sem verið er að vernda. Sömualeiðis þurfa aðilar sem málið varðar að hafa aðstöðu til að kynna sér markmið stjórnvalda, vega þau og meta. Helstu meginreglur um undirbúning ákvarðanatöku í stjórnsýslunni eiga því vel við þegar friðlýsing er undirbúin. Verkefni til að uppfylla markmið 4.

Öryggi neytenda og barna

Á undanföllum árum hefur reglugerð umhverfi efna og efnavara í Evrópu gjörbreyst með tilkomu REACH reglugerðarinnar. Markmið hennar er að tryggja að efni sem sett eru á markað í Evrópu í meira magni en 1 tonn á ári hafi farið í áhættumat og að framleiðendur hafi sýnt fram á hvernig lágmarka eigi þá hættu sem efni geta valdið. Á næsta ári tekur gildi reglugerð sem tekur upp í áföngum nýtt samræmt flokkunar- og merkingarkerfi á heimsvísu. Rétt flokkun og merking efna og efnaþanda er mikilvæg og stuðlar að auknu öryggi neytenda þeirra. Önnur mál sem verða áfram í brennidepli hjá Umhverfisstofnun eru t.d. innivist og hljóðvist, öryggi barna á leiksvæðum og aðbúnaður og öryggi innanhúss hjá stofnunum og fyrirtækjum sem almenningur sækir þjónustu til. Á heimasíðu Umhverfisstofnunar má finna fræðsluefni og leiðbeiningar um m.a. rakaskemmt húsnæði, hljóðvist og efni í umhverfi barna. Umhverfisstofnun mun gefa út meira fræðsluefni um málaflokkinn á næsta starfsári. Verkefni til að uppfylla markmið 2 og 3.

Sjálfbær veiðistjórnun

Sjálfbær veiðistjórnun byggir á þremur þáttum. Í fyrsta lagi að nytjastofnar séu nýttir í sátt og samlyndi við þegna samfélagsins. Í öðru lagi að halda nytjastofnum sem á að veiða úr í jafnvægi þannig að komandi kynslóðir hafi jafna möguleika til nýtingar á við okkur. Í þriðja lagi að nytjastofn verði nýttur á sem hagkvæmastan máta fyrir samfélagið, með tilliti til náttúruverndar, mengunar, arðsemi, o.fl. Virk veiðistjórnun, sem er auðlindastjórnun, er mikilvæg til þess að tryggja sjálfbærar veiðar þegar til lengri tíma er litið, því ótakmarkaður aðgangur að takmörkuðum nytjastofnum getur auðveldlega leitt til óveiði og hnignunar þeirra. Verkefni til að uppfylla markmið 5.

Loftgæði

Umhverfisstofnun (og forverar hennar) hefur vaktað loftgæði á Íslandi frá árinu 1986. Vaxandi vitund og auknar kröfur um hreint loft hafa fært málaflókkinn ofar á forgangslista almennings. Umhverfisstofnun hefur brugðist við þeim breytingum með aukinni áherslu á mælingar loftgæða á fleiri stöðum auk þess sem styrkur fleiri efna verður vaktaður. Á árinu verður gerð betrubót á framsetningu gagna um loftgæði á Íslandi í því skyni að bæta þjónustuna við borgarana. Til að skýra stöðu og afmarka stefnu stofnunarinnar í málaflóknum verður á árinu unnin Landsáætlun um loftgæði þar sem sett verður fram fimm ára áætlun og sýn stjórnvalda. Verkefni til að uppfylla markmið 2.

Lýðheilsa og náttúruvernd

Náttúruverndarsvæði eru fjölsótt svæði, bæði af Íslendingum sem og erlendum gestum sem heimsækja landið. Slík svæði eru verðmæt fyrir okkur Íslendinga, ekki einvörðungu vegna náttúrufergurðar, sem atvinnutækifæri í ferðaþjónustu eða til rannsókna, heldur til að auka vellíðan fólks, líkamlega sem andlega. Samkvæmt upplýsingum frá Lýðheilsustöð ættu fullorðnir einstaklingar að stunda miðlungs erfiða hreyfingu í minnst 30 mínútur daglega. Umhverfisstofnun hefur í hyggju á árinu 2010 að auka fræðslu um mikilvægi náttúruverndarsvæða til eflingar lýðheilsu. Verkefni til að uppfylla markmið 6.

Upplýsingar sem mæta þörfum fólks

Umhverfisstofnun starfar nú eftir nýrri upplýsingastefnu sem miðar að opinni, einfaldri og skiljanlegri miðlun gagna. Stofnunin miðlar upplýsingum til margra ólíkra hópa, frá fyrirtækjum til einstaklinga, og um ólík málafni, frá friðlýstum svæðum til reglugerða um efni og efnavörur. Markmið stofnunarinnar á næsta ári er bætt upplýsingamiðlun sem tekur mið af þörfum þessara hópa. Vefsvæði stofnunarinnar verður uppfært. Samhliða því verða upplýsingar endurskoðaðar og gerðar aðgengilegar, ýmist ítarlegri eða einfaldari. Gefnir verða út umhverfisvisar um ástand umhverfismála á Íslandi. Þjóðgarðurinn Snæfellsjökull, umhverfismerkið Svanurinn og sjálfbóðaliðar Umhverfisstofnunar eru nú þegar á Facebook og hefur það gefist vel. Stofnuninni er mikið í mun að eiga samskipti við fólk, t.d. á fundum þar sem fólk gefst færi á að koma sínum skoðunum á framfæri. Stefnt er að því að gefa fleirum kost á að fylgjast með og taka þátt í þessum samskiptum í gegnum veraldarvefinn. Öll þjónusta verður gerð eins einföld og mögulegt er, s.s. með rafrænum umsóknum og aðgengi að nauðsynlegum upplýsingum. Gæði þjónustu stofnunarinnar skipta miklu máli og verður unnið út frá viðmiðinu *Allt í einni ferð* við uppbyggingu rafrænnar þjónustu stofnunarinnar. Verkefni til að uppfylla markmið 3 og 9.

Úrgangur og framleiðendaábyrgð

Ný endurskoðuð Landsáætlun um meðhöndlun úrgangs mun taka gildi árinu 2010 og gildir til tólf ára. Áfram verður meginmarkmiðið að draga úr myndun úrgangs og áhersla lögð á að rjúfa tengsl milli hagvaxtar og myndunar úrgangs. Þetta verður m.a. gert með nýjum skilgreiningum tengdum úrgangi þannig að það sem áður var skilgreint sem úrgangur, t.d. ýmsar hliðarafurðir úr framleiðsluferri og endurnýttur úrgangur, er ekki lengur skilgreint sem úrgangur. Nýtt þræp í meðhöndlun úrgangs bætist þannig við - þræp þegar úrgangur er undirbúinn fyrir endurnýtingu og/eða endurvinnslu. Einnig verður stefnt að aukinni ábyrgð framleiðenda á vörum sínum. Nú er m.a. framleiðendaábyrgð á raf- og rafeindatækjum og unnið er að því að koma á framleiðendaábyrgð á skilagaldsskyldar umbúðir, rafhlöður og rafgeyma. Verkefni til að uppfylla markmið 8..



Vistvæn innkaup og nýsköpun

Umhverfisstofnun mun á árinu innleiða vistvæna innkaupastefnu og verða fyrirmynd fyrir aðrar stofnanir og fyrirtæki. Stofnunin mun bjóða öðrum stofnunum aðstoð við innleiðingu stefnunnar. Unnið verður í samvinnu við Ríkiskaup vegna þróunar viðmiða í rammasmáninga. Upplýsingagjöf og samstarf eru lykilatriði í því ferli sem felst í vistvænum innkaupum og grænni nýsköpun, en fyrirtæki þurfa fljótt og örugglega að fá upplýsingar um breytingar á kröfum opinberra innkaupaaðila. Þeim þarf síðan að gefa tækifæri til að bregðast við breyttum forsendum og þróa nýjar lausnir. Umhverfisstofnun hyggst eiga gott samstarf við opinbera aðila og einkafyrirtæki við innleiðinguna. Umhverfisstofnun mun miðla upplýsingum og bjóða upp á fræðslu til fyrirtækja. Verkefni til að uppfylla markmið 10.

Náttúruvernd í ESB ljósi

Vegna umsóknar Íslands að Evrópusambandinu þarf að leggja sérstakt mat á þau málafni sem ekki falla undir umhverfiskafla samningsins um Evrópska efnahagssvæðið. Má þar nefna löggjöf sambandsins um vernd náttúrulegra búsvæða, villtra plantna og dýra sem og löggjöf um vernd villtra fugla. Vernd náttúrulegra búsvæða byggir á hugmyndinni um Evrópskt net verndarsvæða. Verndargildi svæða á Íslandi þarf því að meta með hliðsjón af sambærilegum svæðum í Evrópu. Frá 1979 hefur verið í gildi tilskipun um vernd villtra fugla. Uppbygging þeirrar löggjafar svipar um margt til laga um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum. Þrátt fyrir það er þörf á nákvæmri greiningu og samanburði m.a. hvað varðar framkvæmd. Verkefni til að uppfylla markmið 4 og 9.



Vatnatilskipun

Vatnsauðlindin er ein mikilvægasta auðlind Íslands og hana ber að vernda og nýta af skynsemi. Í nútímasamfélagi er þörf á heildstæðri sýn og samhæfingu í stjórnun vatnsgæða. Koma þarf í veg fyrir að starfsemi og framkvæmdir rýri vatnsgæði og framtíðarneysluvatnsforða landsmanna. Það er best gert með því að viðhalda góðu ástandi vistkerfa og lífríki þeirra og haga framkvæmdum á þann veg að ástand vistkerfa vatna skaðist ekki. Umhverfisstofnun hefur umsjón með undirbúning innleiðingar rammatilskipunar Evrópusambandsins um vatn. Við þá vinnu eru ofantalin atriði gerð að meginmarkmiðum. Gert er ráð fyrir því að á árinu 2010 verði samþykkt lög um vatnsstjórnun þar sem ákvæði vatnatilskipunarinnar verða innleidd í lög og því fylgja mörg viðamikil verkefni fyrir stofnunina næstu ár og áratugi. Verkefni til að uppfylla markmið 2 og 7.

Akstur utan vega

Umhverfisráðuneytið vinnur nú að gerð lokamarkmiða í baráttunni gegn akstri utan vega. Samkvæmt þeim er gert ráð fyrir að akstur utan vega heyri sögunni til árið 2013. Þáttur Umhverfisstofnunar í umræddum markmiðum er töluverður, enda fer stofnunin með stjórnslu þessa málaflökks. Stofnaðir hafa verið þrjú vinnuhópar sem hafa að gegna mismunandi hlutverki í umræddu lokamarkmiði. Fyrst má nefna nefnd sem hefur það verkefni að skilgreina hvaða slóðar á hálendi Íslands teljast til vega í skilningi náttúruverndarlaga. Í annan stað má nefna hóp undir stjórn Umhverfisstofnunar til að sporna við akstri utan vega. Hópurinn skipa fulltrúar frá fjölmörgum stofnunum, félagsamtökum og öðrum hagsmunaaðilum. Hlutverk þess hóps er að sporna gegn akstri utan vega með fræðslu. Hefur hópurinn unnið bæking og skilti auk þess sem í bígerð er að undirbúa kennsluefni sem miðla á til þeirra sem eru í ökunámi. Í þriðja og síðasta lagi er í gangi vinna hjá átaksteymi sem hefur það að markmiði að vinna gegn akstri utan vega í Reykjanesfólkvangi. Leiðir Umhverfisstofnun þá vinnu. Auk framangreinds er stefnt að endurskoðun náttúruverndarlaga með það í huga að renna styrkari stoðum undir þennan málaflökk. Verkefni til að uppfylla markmið 4 og 6.

Fjölbreytni náttúrunnar

Vernd líffræðilegrar og jarðfræðilegrar fjölbreytni er grundvöllur náttúruverndar á Íslandi. Sérstaða landsins á sviði náttúru og landslags er mikil sem endarspeglast í þeim fjölda innlendra sem erlendra jarðvísindamanna sem kjósa að stunda hér sínar rannsóknir – svo ekki sé minnst á alla þá ferðamenn, innlenda sem erlenda, sem ferðast um landið til náttúruupplifunar. Í gegnum tíðina hafa jafn misjöfn náttúruyfyrirbæri eins og eldfjöll, jöklar, vindur og vatn mótað landið hvert á sinn einstaka hátt en ekki síður með samspili sínu. Á árinu 2010 mun Umhverfisstofnun leggja aukna áherslu á jarðfræðilega fjölbreytni meðfram öðrum verkefnum í náttúruvernd enda hafa aðilar hér á landi sýnt slíkum verkefnum áhuga varðandi uppbyggingu ferðaþjónustu á landsbyggðinni. Umhverfisstofnun mun m.a. hefja verkefni um hugmyndafræði jarðminjagarða (Geoparks) og samhliða kanna áhuga annarra Norðurlandabjóða á samstarfi á þessu sviði. Markmiðið með slíku samstarfi yrði annars vegar að móta sameiginlega sýn á málaflökkinn og hins vegar að sækja um styrk til Norðurlandaráðs í slíkt verkefni. Verkefni til að uppfylla markmið 4.

Málefni hafsins og vákort

Umhverfisstofnun fer með fjölbreytt og viðamikil verkefni er tengjast málefnum hafsins. Á árinu verður lokið yfirferð og endurskoðun reglugerða um varnir gegn mengun frá skipum og unnið að kynningu þeirra fyrir hagsmunaaðilum og almenningi. Einnig verður lokið við endurskoðun á skipulagi viðbúnaðar og viðbragða við bráðamengun hafs og stranda, viðbragðsáætlun stofnunarinnar og skipulagi á viðbragðsbúnaði í höfnum landsins. Stærsta einstaka verkefnið lýtur hins vegar að gerð veftæks vákorts af Norður-Atlantshafinu frá Grænlandi í vestri, um íslenska og færeyska lögsögu allt að Noregsströndum í austri. Hér er um að ræða samnorrænt verkefni sem unnið er á Umhverfisstofnun. Verkefni til að uppfylla markmið 7.

REGLUBUNDIN VERKEFNI

Umhverfisstofnun sinnir fjölda reglubundinna afgreiðsluverkefna. Í eftirfarandi yfirliti er gerð grein fyrir mati Umhverfisstofnunar á hver fjöldi þeirra verði á árinu 2010. Rétt er að benda á að vinna við einstök verkefni innan flokkanna getur verið mjög mismunandi.



EES-MÁL OG REGLUGERÐIR	Áætlun 2009	Rauntölur 2009	Áætlun 2010
Tillögur að reglugerðum	27	20	23
Greiningar á EES-gerðum	50	50	50
LEYFISVEITINGAR	Áætlun 2009	Rauntölur 2009	Áætlun 2010
CITES	30	20	25
Dýrahald í atvinnuskyni, sýningarleyfi, rekstarleyfi	30	10	50
Leiðsögumenn með hreindýraveiðum	50	86 (3 útg. 2009)	90
Útgefin veiðikort	10.200	12.400	11.500
Leyfisveitingar vegna erfðabreyttra lífvera	1	1	1
Starfsréttindaleyfi meindýraeyða og garðúðara	40	35	40
Leyfi fyrir varpi í hafið og lagningu sæstrengja	5	8	5
Útgefin leyfi vegna hreindýraveiða	1333	1333	1272
Leyfi til myndatöku við hreiður fugla		10	10
Leyfivæitingar til framkvæmda á friðlýstum svæðum		7	15
Umsóknir um starfsleyfi	20	18	20
SAMRÁÐ, FRÆÐSLA OG NÁMSKEIÐ	Áætlun 2009	Rauntölur 2009	Áætlun 2010
Skotvopnanámskeið	20 (530 manns)	28 (1230)	25 (850 manns)
Veiðinámskeið	20 (580 manns)	26 (1270)	25 (850 manns)
Landvarðanámskeið	1	0	1
Námskeið fyrir leiðsögumenn með hreindýraveiðum	1	0	1
Stærri upplýsingaskilti		7	7
Útgefnir bæklingar	6	17	12



UMSAGNIR	Áætlun 2009	Rauntölur 2009	Áætlun 2010
Umsagnir, skráningar og undanþágur frá skráningum varnarefna	15	25	15
Umsagnir um söluleyfi eitur- og varnarefna	12	9	12
Umsagnir til að kaupa og nota varnarefni	40	26	40
Umsagnir um matsskyldu vegna tilkynningaskyldra framkvæmda	35	27	25
Umsagnir um tillögu að matsáætlun	30	16	15
Umsagnir um frummatsskýrslur vegna mats á umhverfisáhrifum	15	12	8
Umsagnir vegna stjórnáráðgjafna	8	7	9
Umsagnir um þingmál frá Alþingi	24	21	30
Umsagnir um umhverfismat áætlana	100	87	70
Umsagnir um undanþágur á villidýralögum		3	5
Umsagnir um undanþágur á innflutningi á framandi lífverum		1	5
EFTIRLIT	Áætlun 2009	Rauntölur 2009	Áætlun 2010
Grænt bókhald frá atvinnurekstri	50	45	55
Yfirferð skýrslna vegna losunarbókhalds	5	5	5
Mengunarvarnareftirlit	80	70	80
LANDVARSLA OG SJÁLFBODALIÐASTARF	Áætlun 2009	Rauntölur 2009	Áætlun 2010
Fjöldi landvörsluvíkna	270	287	287
Fjöldi sjálfbodaliðavíkna	560	620	600



REKSTRARÁÆTLUN

Helstu rekstrarliðir

Umhverfisstofnun hefur verið gert, eins og öðrum ríkisstofnunum, að draga úr rekstri sínum vegna niðurskurðar í ríkisrekstri. Í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2010 er gert ráð fyrir að gjöld stofnunarinnar verði 892,2 m.kr. Þar af er gert ráð fyrir að rúmlega 310 m.kr. verði innheimtar í sértekjur og markaðar tekjur. Ríkissjóður mun því greiða 581,9 m.kr. til stofnunarinnar vegna ársins 2010. Ljóst er að ítrasta aðhalds þarf að gæta í rekstri þannig að þessi niðurskurður komi sem minnst niður á verkefnum stofnunarinnar.

Áfram verður lögð áhersla á endurskoðun verkferla varðandi fjármál og kynningu á þeim fyrir starfsmönnum. Markmiðið er að stofnunin viðhafi nútímaleg vinnubrögð og gagnsæi í fjármálastjórnun. Eftirfylgni fjármála er þannig háttáð að mánaðarlega fara sviðsstjórar og deildarstjórar yfir rekstraráætlun síns sviðs en sviðsstjórar fara síðan yfir fjármál sinna sviða með fjármálastjóra. Niðurstaða þessara funda og heildarstaða stofnunarinnar er síðan rædd á mánaðarlegum sviðs- og deildarstjórafundi. Áfram verður fylgst sérstaklega með þeim tekjum sem innheimta á en stofnunin gerir ráð fyrir að tekjurnar verði 343,5 m.kr. á árinu.

Hér á eftir verður fyrst farið yfir helstu gjaldaliði hjá stofnuninni, síðan helstu tekjuliði eftir því hvort um er að ræða markaðar tekjur, sértekjur eða aðrar rekstrartekjur. Að lokum er gerð grein fyrir nokkrum sjóðum sem Umhverfisstofnun hefur umsjón með ásamt stærri verkefnum.

Gjaldaliðir

Í rekstraráætlun er gert ráð fyrir að heildargjöld stofnunarinnar verði um 949 m.kr. sem er nokkuð hærra en gert er ráð fyrir í fjárlagafrumvarpi 2010. Á móti kemur að tekjur eru áætlaðar um 33 m.kr. hærra en í frumvarpinu og að gert er ráð fyrir heimild til að nýta 25,5 m.kr. frá fyrra ári, annars vegar 15,5 m.kr. til uppbyggingar Surtseyjarstofu og hins vegar 10 m.kr. til framkvæmda á friðlýstum svæðum.

HELSTU LIÐIR Í ÞÚSUNDUM KRÓNA	SPÁ 2009	ÁÆTLUN 2010
Launakostnaður	421.364	454.562
Rekstur	29.101	27.876
Þjónusta	104.005	99.034
Húsnæði	140.620	144.007
Bífréiðar	6.672	5.307
Skattar, fjármagnskostn.	4.950	1.572
Eignakaup	53.768	13.985
Tilfærslur	167.776	144.161
Rekstrarkostnaður alls	991.117	949.204
Tekjur alls	337.338	343.529
Sértekjur	287.596	342.991
Mismunur gjalda og tekna	653.779	605.675

TEKJUR UMHVERFISSTOFNUNAR

Sértekjur

Umhverfisstofnun gerir ráð fyrir að vera með um 181 m.kr. í sértekjur á árinu 2010 sem er nokkru hærra en gert er ráð fyrir í fjárlögum, skýrist það af ýmsum verkefnum sem stofnunin hefur tekið að sér t.a.m. umsjón með gerð vákorts, umsjón með Norræna efnavöruhópnum og umsjón með minkaveiðiátaki. Aðrar helstu sértekjur stofnunarinnar eru vegna námskeiða sem haldin eru á vegum stofnunarinnar, um 29 m.kr., vegna eftirlits með framkvæmdum í samræmi við náttúruverndarlög, um 6 m.kr., tekjur vegna Norræna umhverfismerkisins Svansins um 10 m.kr., og endurgreiðslur á ferðakostnaði vegna erlends samstarfs, um 7 m.kr.

Markaðar tekjur

Umhverfisstofnun gerir ráð fyrir að vera með um 142 m.kr. í markaðar tekjur á árinu 2010. Gert er ráð fyrir að um 88 m.kr. komi inn vegna sölu á veiðileyfum til hreindýraveiða og um 44 m.kr. vegna innheimtu gjalds af veiðikortum. Meirihluta þessara tekna greiðir Umhverfisstofnun út til viðeigandi aðila sbr. nánari skýringar á einstökum sjóðum síðar. Jafnframt er gert ráð fyrir tekjum vegna vinnslu og útgáfu starfsleyfa eða um 4,5 m.kr. auk smærri tekjulíða.

Aðrar rekstrartekjur

Gert er ráð fyrir að stofnunin innheimti um 20 m.kr. í aðrar rekstrartekjur á árinu. Um er að ræða tekjur vegna mengunareftirlits í fyrirtækjum sem stofnunin gefur út starfsleyfi fyrir.

SJÓÐIR Í UMSÝSLU STOFNUNARINNAR OG STÆRRI VERKEFNI

Hreindýrasjóður

Árlega auglýsir umhverfissráðuneyti veiðikvóta hreindýra að fengnum tillögum Umhverfisstofnunar. Umhverfisstofnun sér um sölu veiðileyfa gegn gjaldi sem umhverfissráðherra ákveður. Gjaldið rennur í sjóð sem notaður er til að standa undir kostnaði Umhverfisstofnunar og hreindýraráðs við eftirlit og stjórn hreindýraveiða og vöktunar Náttúrustofu Austurlands. Gert er ráð fyrir að tekjur sjóðsins verði um 88 m.kr. og af þeim verði arðgreiðslur til landeigenda vegna ágangs hreindýra 75 m.kr.

Veiðikortasjóður

Allir þeir sem stunda veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum þurfa að afla sér veiðikorts í samræmi við lög um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og spendýrum. Umhverfisstofnun annast útgáfu veiðikortanna og tekur gjald fyrir. Gjaldið rennur í sjóð sem umhverfissráðherra úthlutar úr til rannsóknna, vöktunar og stýringar á villtum dýrastofnum. Sjóðurinn stendur einnig undir kostnaði við útgáfu veiðikortanna. Gert er ráð fyrir að tekjur vegna veiðikorta á árinu 2010 verði um 44 m.kr.

Minkaveiðiátak

Árin 2007-2009 var í gangi minkaveiðiátak á Snæfellsnesi og í Eyjafirði þar sem tilgangurinn var að athuga hvort fýsilegt væri að útrýma mink á Íslandi. Nefnd á vegum umhverfissráðuneytisins hefur haft umsjón með áttakinu en Umhverfisstofnun haft umsjón með veiðunum og réði verkefnisstjóra og veiðimenn til að sinna þeim. Það er svo starfsmaður Umhverfisstofnunar sem tekur á móti og heldur utan um öll gögn frá veiðimönnum. Gert er ráð fyrir að áttakinu verði haldið áfram á árinu 2010 með það að markmiði að viðhalda núverandi árangri.

Endurgreiðsla til sveitarfélaga vegna minka- og refaveiða

Árlega ákveður umhverfissráðherra viðmiðunartaxta launa refa- og minkaveiðimanna en sveitarfélög greiða veiðimönnum fyrir veiðarnar. Uppgjörstímabil vegna refa- og minkaveiða er frá 1. september ár hvert til 31. ágúst árið eftir. Sveitarfélög senda Umhverfisstofnun skýrslu um veiðarnar ásamt reikningsyfirliti eftir lok uppgjörstímabils. Umhverfisstofnun endurskoðar reikningana og endurgreiðir til sveitafélaganna miðað við viðmiðunartaxta. Árið 2010 er gert ráð fyrir að endurgreiðslur til sveitarfélaga vegna refaveiða verði 17 m.kr. og vegna minkaveiða 17,6 m.kr.

Skotvopna- og veiðikortanámskeið

Stofnunin heldur skotvopna- og veiðikortanámskeið um allt land og voru þau um 28 á árinu 2009 en ráðgert er að halda 25 námskeið á árinu 2010. Samanlögð velta námskeiðanna á árinu 2010 er áætluð 29 milljónir. Veiðikortanámskeiðið er sex tíma bóklegt nám og skotvopnanámskeiðið 10 tíma bóklegt nám og fjögurra tíma verklegur þáttur á skotvelli.



VIÐAUKI I VERKEFNAÁÆTLUN ÁRSINS 2010

Á árinu 2010 mun Umhverfisstofnun vinna að eftirfarandi verkefnum til að ná markmiðum sem sett hafa verið fram í stefnu Umhverfisstofnunar til ársins 2012.

1 DRAGA ÚR LOSUN GRÓÐURHÚSALOFTTEGUNDA Á ÍSLANDI

VERKEFNI	ÁRSFJÓRÐUNGUR	ÁBYRGÐ
Úttekt á loftslagsbókhalði í Bonn	4	Svið umhverfisgæða
Kynning fyrir almenning um hvernig draga má úr losun GHG	2	Svið umhverfisgæða
Málstofa um loftslagsmál	2	Svið umhverfisgæða
Verklagsreglur fyrir DNA	3	Svið umhverfisgæða

2 DRAGA ÚR LOSUN HEILSUSKAÐLEGRA EFNA OG EFNA SEM ERU HÆTTULEG UMHVERFINU

VERKEFNI	ÁRSFJÓRÐUNGUR	ÁBYRGÐ
Fræðsla um merkingu og flokkun efnavara í samstarfi við SA, SI og SVP	2	Svið umhverfisgæða
Greining á hvaða IMPEL samstarf nýtist stofnuninni	1	Skrifstofa forstjóra
Tillaga að reglugerð um flokkun, þökkun og merkingu efna og efnavara	3	Svið laga og stjórnsýslu
Tillaga að reglugerð um meðhöndlun flúoreraðra gastegunda	2	Svið laga og stjórnsýslu
Tillaga að reglugerð um losun brennisteinsvetnis	1	Svið laga og stjórnsýslu
Greining nýrrar varnarefnareglugerðar ESB	4	Svið laga og stjórnsýslu
Gátlisti vegna eftirlits með loftræstikerfum	2	Svið umhverfisgæða
Þarfagreining vegna eftirlitshandbókar fyrir efnaeftirlitið	3	Svið umhverfisgæða
Yfirlit vegna flutnings úrgangs	1	Svið umhverfisgæða
Loftgæðaupplýsingakerfi	3	Svið umhverfisgæða
Upplýsingabæklingur um efni og efnablöndur fyrir almenning	3	Svið umhverfisgæða
REACH eftirlit - átaksverkefni, REACH EnForce-1 framhald og SIEF	1	Svið umhverfisgæða
Sæfiefni – markaðskönnun á viðarvarnarefnum.	4	Svið umhverfisgæða
Samræming gagnaskila: grænt bókhald, PRTR og skil vegna laga nr. 65/2007	4	Svið umhverfisgæða

3 GERA UPPLÝSINGAR UM UMHVERFISMÁL AÐGENGILEGAR ALMENNINGI OG HAGSMUNAAÐILUM OG GERA ÞEIM ÞANNIG KLEIFT AÐ HAFA ÁHRIF Á UMHVERFI SITT

VERKEFNI	ÁRSFJÓRÐUNGUR	ÁBYRGÐ
Upplýsingar á vefkerfi og viðmóti umhverfisstofnunar.is og sameining allra vefja	3	Svið fræðslu og upplýsinga
Áætlun um hvaða umhverfisdegi verður haldið upp á	1	Svið fræðslu og upplýsinga
Borgarafundur sendur beint út á vefnum	2	Svið fræðslu og upplýsinga
Náttúruverndaráætlun – stöðuskýrsla um framkvæmd kynnt ráðuneyti og almenningi	2 / 4	Svið laga og stjórnsýslu
Endurskoðun upplýsinga um hvernig svæði eru friðlýst og hvað felist í friðlýsingu	2	Svið laga og stjórnsýslu
Endurskoðun námsefnis fyrir námskeið fyrir hreindýraleiðsögumenn	1	Svið náttúruauðlinda
Upplýsingastefna um friðlýst svæði	1	Svið náttúruauðlinda
Málþing um náttúruvernd, veiðistjórnun og loftslagsbreytingar	3	Svið náttúruauðlinda
Eftirlitsskýrslur fyrir starfsleyfisskylda starfsemi birt á heimasíðu	1	Svið umhverfissvæða

4 VINNA AÐ VERND, VIÐHALDI, ENDURHEIMT OG NÝTINGU ÞEIRRA AUÐLINDA SEM FELAST Í NÁTTÚRU ÍSLANDS, BYGGÐ Á SJÓNARMÍÐUM UM LÍFFRÆÐILEGA FJÖLBREYTNÍ, VARÐVEISLU JARÐMYNDANA OG LANDSLAGSHEILDA

VERKEFNI	ÁRSFJÓRÐUNGUR	ÁBYRGÐ
Opnun Surtseyjarstofu	2	Svið náttúruauðlinda
Kynning á starfi sjálfbærla Umhverfisstofnunar	3	Svið fræðslu og upplýsinga
Tillaga að reglugerð um mengaðan jarðveg	4	Svið laga og stjórnsýslu
Áætlun til 4 ára um framkvæmd náttúruverndaráætlunar	1	Svið laga og stjórnsýslu
Tillaga að friðlýsingu Tjarna á Innri-Hálsun	2	Svið laga og stjórnsýslu
Skilgreina gæludýr/húsdýr sem hafa sloppið/verið sleppt sem eru villt.	3	Svið náttúruauðlinda
Öryggismál á Geysissvæðinu	2	Svið náttúruauðlinda
Rekstraráætlun sjálfbærla starfs til þriggja ára	1	Svið náttúruauðlinda
Verkátlan um gerð og uppsetningu skilta árið 2010	1	Svið náttúruauðlinda
Skýrsla til ráðherra um ástand friðlýstra svæða	1	Svið náttúruauðlinda
Ljúka rannsóknnum á ástandi Húsafellskógar og gróðurathugun í Geitlandi	3	Svið náttúruauðlinda
Verndaráætlun fyrir Surtsey	3	Svið náttúruauðlinda
Verndaráætlun fyrir verndarsvæði Mývatns og Laxár	2	Svið náttúruauðlinda
Leiðbeiningar um gerð verndaráætlana	4	Svið náttúruauðlinda
Norrænt verkefni um jarðminjagarð og jarðfræðilega fjölbreytni (GEO-park)	4	Svið náttúruauðlinda
Taka saman votlendisbókhald og gera aðgengilegt almenningi	3	Svið náttúruauðlinda
Gerð fræðsluefnis um erfðabreyttar lífverur	3	Svið náttúruauðlinda
Innleiðing framkvæmdaáætlunar umhverfisráðherra um akstur utan vega	2	Svið náttúruauðlinda
Tillaga að stækkun friðlandsins í Þjórsárverum	2	Skrifstofa forstjóra

5 STUÐLA AÐ VERNDUN OG SJÁLFBÆRRI NÝTINGU VILLTRA DÝRASTOFNA

VERKEFNI	ÁRSFJÓRÐUNGUR	ÁBYRGÐ
Verkerill vegna leyfa til leiðsögumanna við hreindýraveiðar	2	Svið fjármála og rekstrar
Ölögmet veiði og samskipti við lögreglu	2	Svið fjármála og rekstrar
Aukið aðgengi almennings að gagnabanka með veiðitölum	4	Svið fræðslu og upplýsinga
Stefnumótun um sjálfbæra veiðistjórnun	4	Svið náttúruauðlinda



6 KYNNA RÉTT ALMENNINGS TIL AÐ NJÓTA ÚTIVISTAR Í NÁTTÚRUNNI OG MEÐ ÞVÍ BÆTA OG TRYGGJA LÝÐHEILSU LANDSMANNA

VERKEFNI	ÁRSFJÓRÐUNGUR	ÁBYRGÐ
Verkfæring vegna leyfa til leiðsögumanna við hreindýraveiðar	2	Svið fjármála og rekstrar
Ölögsmæt veiði og samskipti við lögreglu	2	Svið fjármála og rekstrar
Aukið aðgengi almennings að gagnabanka með veiðitölum	4	Svið fræðslu og upplýsinga
Stefnumótun um sjálfbæra veiðistjórnun	4	Svið náttúruauðlinda
Útbúa fræðsluefni í samvinnu við sveitarfélög (náttúruverndarnefndir) og Lýðheilsustöð um mikilvægi náttúruverndarsvæða fyrir lýðheilsu (Green Gym)	2	Svið náttúruauðlinda

7 VISTKERFISNÁLGUN VERÐI BEITT VIÐ HEILDSTÆÐA STJÓRNUN Á UMHVERFI Í VATNI OG HAFI

VERKEFNI	ÁRSFJÓRÐUNGUR	ÁBYRGÐ
Uppsetning landsnúmerakerfis fyrir WISE	2	Svið fræðslu og upplýsinga
Tillaga að reglugerð um innleiðingu vatnatilskipunarinnar	4	Svið umhverfisgæða
Framsetning staðsetningar starfsleyfisskyldrar starfsemi inn í GIS grunn	2	Svið umhverfisgæða
Málstofur með vinnuhópum vegna innleiðingar vatnatilskipunar	2	Svið umhverfisgæða
Ráðstefna um innleiðingu vatnatilskipunarinnar	3	Svið umhverfisgæða
Tillaga að reglugerð um varnir gegn mengun sjávar vegna eitraðra efna í fljótandi formi sem flutt eru í geymum skipa (MARPOL viðauki II)	2	Svið umhverfisgæða
Útgáfa bæklinga um mengun frá skipum	4	Svið umhverfisgæða

8 DRAGA ÚR MYNDUN ÚRGANGS OG AUKA ENDURVINNSLU HANS

VERKEFNI	ÁRSFJÓRÐUNGUR	ÁBYRGÐ
Samstarfsyfirlýsing vegna sóttmengaðs úrgangs (Matvælastofnun-heilbrigðisnefndir)	1	Skrifstofa forstjóra
Kynning Landsáætlunar um úrgang fyrir hagsmunaaðilum	2	Svið umhverfisgæða
Fræðsluefni um hvernig unnt er að draga úr myndun úrgangs	4	Svið umhverfisgæða
Leiðbeiningar fyrir urðunarstaði um móttöku úrgangs	3	Svið umhverfisgæða
Tollskoðun farms með raftæki, stikkprufueftirlit	4	Svið umhverfisgæða



9 STJÓRNSÝSLA STOFNUNARINNAR VERÐI SKÝR OG SKILVIRK

VERKEFNI	ÁRSFJÓRÐUNGUR	ÁBYRGÐ
Regluleg endurskoðun starfsleyfa álvera	4	Svið umhverfisgæða
Innleiðing gæðakerfis	3	Svið fjármála og rekstrar
Útgáfa reikninga vegna veiðikorta og veiðileyfa í staðlað bókhaldskerfi	2	Svið fjármála og rekstrar
Uppfærsla á vefkerfi og viðmóti Innri vefs Umhverfisstofnunar	3	Svið fræðslu og upplýsinga
Ársskýrsla	2	Svið fræðslu og upplýsinga
Starfspróunaráætlun 2010-2011	4	Skrifstofa forstjóra
Gátlisti fyrir mengunarvarnaeftirlit - fyrirmynd	2	Svið umhverfisgæða
Stjórnendahandbók	2	Skrifstofa forstjóra
Stjórnendamat	2	Skrifstofa forstjóra
Endurskoðun jafnréttisáætlunar	3	Skrifstofa forstjóra
Stefna og farvegur í málum sem varða einelti og kynferðislega áreitni	1	Skrifstofa forstjóra
REACH-IT aðgangur - upplýsingavernd	3	Svið umhverfisgæða
Úttekt á kostnaði við mengunarvarnaeftirlit og gjöldum	2	Svið umhverfisgæða

10 UMHVERFISMERKINGAR LEIÐI INNKAUP ALMENNINGS OG FYRIRTÆKJA

VERKEFNI	ÁRSFJÓRÐUNGUR	ÁBYRGÐ
Kynningaráætlun fyrir Svaninn	1	Svið fræðslu og upplýsinga
Svansklúbburinn stofnaður	2	Svið fræðslu og upplýsinga
20 ára afmælisráðstefna Svansins	2	Svið fræðslu og upplýsinga
Pátttaka í VINN verkefninu/fræðslu til opinberra aðila og fyrirtækja	4	Svið fræðslu og upplýsinga
Svanskynning fyrir verslanir:	4	Svið fræðslu og upplýsinga
Vistvæn innkaupastefna ríkisins kynnt	4	Svið fræðslu og upplýsinga

VIÐAUKI II

REKSTRARKOSTNAÐUR 2009

